

Mánudaginn 30. mars 1992.

Nr. 142/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Ólafi Kristjánssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Var kærunni lýst innan kærufrests 26. mars 1992.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur verulega.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 25. mars 1992.

Mánudaginn 23. mars sl. um kl. 18.30 var handtekinn á Keflavíkurflugvelli við komu frá Lúxemborg Georg Arnar Tómasson, kt. 020566-2999, eftir að á honum höfðu fundist innan klæða liðlega 1.936 g af ætluðum hassefnum í 20 einingum eða plötum, en tæplega 0,5 g af amfetamíni að auki.

Nefndur aðili, sem var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald, hefur skýrt svo frá, að hann hafi haldið flugleiðis til Lúxemborgar 20. þessa mánaðar, en þaðan með lest til Amsterdam í því skyni að sækja þangað um 2 kg á hassefnum fyrir Ólaf Kristjánsson, kt. 090369-4909, enda sá aðili kostað

utanförina og heitið Georg Arnari 350.000 kr. þóknun fyrir flutning-inn.

Georg Arnar kvaðst hafa átt að sækja efnin til Rotterdam til systur Ólafs Kristjánssonar, sem þar væri búsett. Þessi áætlun hefði þó breyst degi fyrir brottför og Ólafur áður nefndur þá sagt, að efnin yrðu afhent í Amsterdam og svo orðið.

— — —

Af hálfu lögreglufirvalda í Reykjavík er með vísan til ofanritaðs krafist, að Ólafi Kristjánssyni verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt að kl. 15.00 fimmtudaginn 9. apríl nk. Réttargæslumaður Ólafs kannast við rannsóknarþörf varðandi ofangreint, en mótmælti lengd gæsluvarðhaldskröfu.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð umtalsverð brot gegn lögum nr. 65, 1974, og reglugerð nr. 16, 1986.

Framburður aðila stangast samkvæmt ofanskráðu á um grundvallaratriði. Ólafur Kristjánsson hefur gögnum samkvæmt og hér fyrir dómi dregið stórlega úr sínum gjaldeyriskaupum á þessu ári. Einnig er af gögnum víst og samkvæmt framburði Ólafs Kristjánssonar og Georgs Arnars Tómassonar, að þeir voru sömu daga seint í fyrra mánuði í sömu borg í Hollandi og samkvæmt framburði beggja einnig Ólafur Már Jóhannsson.

Að ofangreindu athuguðu verður ekki talið, að 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 girði fyrir beitingu gæsluvarðhalds Ólafs Kristjánssonar, sem borinn er alvarlegum sökum og skýrt hefur verulega rangt frá nýlegum gjaldeyriskaupum sínum. Verður því talið rétt í þágu rannsóknarhagsmuna og með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að gera Ólafi Kristjánssyni að sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 18.30 að telja 25.3. 1992 allt að fimmtudegi 9.4. nk. kl. 15.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ólafur Kristjánsson, kt. 090369-4909, sæti gæsluvarðhaldi allt að kl. 15.00 fimmtudag 9. apríl 1992.
